

1. apríl 2022



Fjármálaáætlun 2023-2027 - Kynning á málefnasviðum matvælaráðuneytisins

Stjórnarráð Íslands
Matvælaráðuneytið



„Matvæla- og fæðuöryggi er eitt meginstefið í störfum okkar sem og hugmyndafræði einnar heilsu þar sem heilbriggt umhverfi, heilsa fólks og heilbrigði dýra mynda samfelldan vef. Vistkerfisnálgun og sjónarmið varúðar eru sá grunnur sem byggt er á þegar taka þarf ákvarðanir og eru þá höfð í huga ýmis samfélagsgæði, viðkvæm vistkerfi til framtíðar litið, jöfnuður óháð efnahag, kyni, uppruna eða búsetu, og hagur heildarinnar í efnahagslegu tilliti, nær og fjær.

12 Landbúnaður – Helstu áherslur

HELNÆM OG SJÁLFBÆR MATVÆLA- FRAM- LEIÐSLA

Skapa skilyrði til fjölbreyttari landbúnaðarframleiðslu með sjálfbæra landnýtingu og nýsköpun að leiðarljósi.

Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna landbúnaðar og auka bindingu.

Efla fæðuöryggi og standa vörð um heilbrigði plantna, velferð dýra og öryggi matvæla.



Búvörusamningar

Landbúnaður stendur frammi fyrir miklum breytingum svo sem á sviði loftslags- og umhverfismála, nýsköpunar og örum breytingum á neyslumynstri og auknum kröfum neytenda um upplýsingar um uppruna matvæla, framleiðsluhætti og umhverfisáhrif. Mikilvægt er að tryggja landbúnaðinum þau skilyrði að hann geti þróast í takt við breytingar.

Samningurinn sem var gerður til 10 ára kemur til endurskoðunar að öðru sinni árið 2023.



Fæðuöryggi

Við innrásina í Úkraínu hefur sjónum enn frekar verið beint að fæðuöryggi. Hækkandi hrávöruverð mun koma inn í verðlag á Íslandi eins og annarsstaða.

Samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað sér eru áhyggjur á Íslandi helst tengdar verðhækkunum en óljóst hvaða áhrif stríðið hefur til lengri tíma litið.

Landbúnaðarháskólinn vinnu nú að gerð fæðuöryggisstefnu fyrir Ísland og eiga drög að henni að liggja fyrir í apríl n.k.



Matvælasjóður

- Stofnaður með lögum árið 2020
 - Framleiðnisjóður landbúnaðarins og AVS – rannsóknasjóður í sjávarútvegi lagðir niður samhliða og fjármagn úr þeim rann í Matvælasjóð
- Hlutverk sjóðsins er að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla úr landbúnaðar- og sjávarafurðum.
- Áhersla á nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu
- Markmið sjóðsins er að ná til verkefna á öllum stigum. Hægt er að sækja um styrki úr fjórum flokkum sem hver styrkir verkefni á mismunandi stigum.
 - Bára styrkir verkefni á hugmyndastigi
 - Kelda styrkir rannsóknaverkefni
 - Afurð styrkir vöruþróun
 - Fjársjóður styrkir markaðssetningu



Matvælasjóður

- Fyrsta úthlutun 2020
 - 266 umsóknir bárust um styrki upp á tæpa 2,8 ma.kr.
 - 62 verkefni hlutu styrk upp á 480 m.kr.
- Önnur úthlutun 2021
 - 273 umsóknir bárust um styrki upp á tæpa 3,7 ma.kr.
 - 64 verkefni hlutu styrk upp á 566,6 m.kr.
- Þriðja úthlutun 2022
 - Opnað hefur verið fyrir umsóknir
 - Nýtt umsóknakerfi tekið í notkun sem heldur utan um umsóknir frá því að þær eru unnar og þar til gengið hefur verið frá samningum við styrkþega og þeir greiddir út
 - 593 m.kr. til úthlutunar



13 Sjávarútvegur – Helstu áherslur


**HEILNÆM OG
SJÁLFBÆR
MATVÆLA-
FRAM-
LEIÐSLA**

Skapa sjávarútvegi og fiskeldi skilyrði til aukinnar verðmætasköpunar með sjálfbæra nýtingu og vistkerfisnálgun að leiðarljósi.


Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda við fiskveiðar og fiskeldi, auka nýtingu afurða og lágmarka úrgang.

Umfang fiskeldis

Áætluð framleiðsla




Útflutningstekjur



- Áætluð framleiðsla um 50 þúsund tonn í ár og tekjur um 45-50 milljarðar.
- Áætluð framleiðsla verður um 100 þúsund tonn í sjókvíaeldi með um 90-100 milljarðar í útflutningstekjur (fjórða stoðin í hagkerfinu).
- Ef plön um landeldi ganga eftir verður það á pari við sjókvíaeldi þ.e. um 200 þúsund tonn. Jafnvel möguleikar um úthafseldi?
- Áætlaðar útflutningstekjur um 200 milljarðar árið 2040 ef öll plön ganga eftir?
- Um 600 manns sem starfa beint við fiskeldi. Verður á bilinu 1.500 – 2.000 manns eftir um 5 ár. Stærstu hluti starfa eru staðsett á landsbyggðinni.
- Í stjórnsýslunni (MAR, UST, MAST, Skipulagsstofnun, Hafró) starfa um 20 manns áætlaður kostnaður árlega um 250-300 milljónir.

Gjaldtaka og fiskeldissjóður

Áætlað gjald vegna sjókvíaeldis



Lög um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð nr. 89/2019

- Áætlað að gjaldið verði 2,5 – 3,5 milljarður eftir um 5 ár að loknum aðlögunartíma* og áætlunum um framleiðslu.
- Um þriðjungur af gjaldinu fer í Fiskeldissjóð 700 til 1000 m.kr. eftir um fimm ár.
- Sveitarfélög þar sem sjókvíaeldi er stundað geta sótt í sjóðinn. Í ár eru um 185 milljónir til ráðstöfunar.
- Markmið sjóðsins er að styrkja uppbyggingu innviða þar sem sjókvíaeldi er stundað bæði samfélög og stoðir atvinnulífs. Þriggja manna stjórn hefur yfirumsjón með rekstri sjóðsins. Samtals 8 sveitarfélög geta sótt í sjóðinn á Austfjörðum og Vestfjörðum.

*Sólarlagsákvæði, gjaldið er stigvaxandi þrepaskipt gjald. Aðlögunar tíma lýkur 2026.



Umhverfissjóður sjókvíaeldis

- Umhverfissjóður sjókvíaeldis starfar samkvæmt lögum 71/2008 um fiskeldi.
- Markmið hans er að fjármagna verkefni sem lúta að því að aðlaga fiskeldi hér á landi sem mest að þeim umhverfiskilyrðum sem fyrir hendi eru og lágmarka þannig umhverfisáhrif af völdum sjókvíaeldis.
- Meirihluti þess fjár sem úthlutað er úr Umhverfissjóði sjókvíaeldis fer til lögbundinna verkefna Hafrannsóknastofnunar sem snúa að burðarþolsmati og vöktun.
- Sjóðurinn er fjármagnaður með árgjaldi frá rekstrarleyfishöfum sem ala frjóan lax í kvíum í sjó.
- Ráðstöfunarfé sjóðsins árið 2022 eru 196,7 m.kr. – hefur farið stígvaxandi – var 16 m.kr árið 2015.



Landgræðsla og skógrækt

Markmið að auka umfang uppgræðslu, endurheimtar vistkerfa og skógræktar. Miðar að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna landnotkunar og auka kolefnisbindingu í jarðvegi og gróðri í þágu markmiðs Parísarsamningsins og markmiðs um kolefnishlutleysi 2040.

- Að aðgerðir vinni að öðrum markmiðum s.s. vernd og eflingu líffræðilegrar fjölbreytni, auknu viðnámsþoli vistkerfa gagnvart náttúruvá, gróður- og jarðvegsvernd, bættri vatnsmiðlun og eflingu byggða.
- Að auka nýtingu lífræns áburðar.
- Að auka endurheimt og útbreiðslu birkiskóga.
- Unnið að landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt.



12 Landbúnaður - Fjárheimildir

Heildarútgjöld í m.kr.**	Reikningur	Heimildir*	Fjárlög 2022
	2020	2021	
12 Landbúnaður	19.033	19.998	20.467
12.10 Stjórnun landbúnaðarmála	16.610	18.008	18.449
12.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum	1.125	757	768
12.60 Stjórnsýsla matvælaráðuneytis	1.299	1.233	1.250

* Fjárlög að viðbættum fjárukalögum ársins

** Eftir atvikum hafa verið gerðar aðlaganir á framsetningu útgjalda ársins í þeim tilfellum sem viðföng hafa verið flutt í heild sinni á milli málaflokkanna eða málaflokka.

Útgjaldarammi í m.kr.	Aætlun 2023	Aætlun 2024	Aætlun 2025	Aætlun 2026	Aætlun 2027
12 Landbúnaður	19.275	19.118	19.000	18.988	18.965
þ.a. áætluð framlög í rekstur og tilfærslur	19.240	19.083	18.966	18.953	18.931
þ.a. áætluð framlög í fjárfestingu	35	35	35	34	34



12 Landbúnaður – Helstu breytingar á fjárheimildum 2023-2027

- Niðurfelling á 700 m.kr. tímabundnu framlagi sem kom inn í fjárlögum 2022 til eins árs til stuðnings bænda vegna hækkunar áburðaverðs.
- Raunbreytingar á framlögum vegna búvörusamninga nema samtals um 380 m.kr. til lækkunar á tímabilinu.
- Frá og með árinu 2023 hækkar almennt útgjaldasvigrúm til málefnasviðsins um 100 m.kr.
- Almennar aðhaldskröfur á málefnasviðinu nema um 200 m.kr. á tímabilinu eða í kringum 40 m.kr. á ári.



13 Sjávarútvegur - Fjárheimildir

Heildarútgjöld í m.kr.**	Reikningur	Heimildir*	
	2020	2021	Fjárlög 2022
13 Sjávarútvegur og fiskeldi	6.056	9.433	8.847
13.10 Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis	1.497	1.553	1.672
13.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi	4.559	7.880	7.175

* Fjárlög að viðbættum fjárukaalögum ársins

** Eftir atvikum hafa verið gerðar aðlaganir á framsetningu útgjalda ársins í þeim tilfellum sem viðföng hafa verið flutt í heild sinni á milli málaflokkanna eða málaflokka.

Útgjaldarammi í m.kr.	Aætlun	Aætlun	Aætlun	Aætlun	Aætlun
	2023	2024	2025	2026	2027
13 Sjávarútvegur og fiskeldi	6.824	6.573	6.489	6.403	6.353
þ.a. áætluð framlög í rekstur og tilfærslur	6.205	5.960	5.883	5.803	5.760
þ.a. áætluð framlög í fjárfestingu	619	613	607	600	594



13 Sjávarútvegur – Helstu breytingar á fjárheimildum 2023-2027

- Á árinu 2023 fellur niður 2 ma.kr. framlag til kaupa á nýju hafrannsóknaskipi. Samkvæmt fyrirliggjandi áætlun er ekki gert ráð fyrir frekari framlögum til framkvæmdarinnar en frá og með árinu 2019 er búið að veita um 5,8 ma.kr. til verksins. Samningar um smíðina voru undirritaðir 31. mars 2022.
- Á árinu 2023 er gert ráð fyrir tímabundnu 200 m.kr. framlagi í eitt ár til hvalatalninga.
- Frá og með árinu 2023 hækkar almennt útgjaldasvigrúm til málefnasviðsins um 75 m.kr.
- Almennar aðhaldskröfur á málefnasviðinu nema um 325 m.kr. á tímabilinu eða í kringum 65 m.kr. á ári.